

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2601/2000****2002/EES/12/45****frá 17. nóvember 2000****Þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til þess hvenær kaupverð skal fært inn í samræmda vísitölu neysluverðs(\*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 frá 23. október 1995 um samræmdar vísitölur neysluverðs <sup>(1)</sup>, einkum 4. gr. í tengslum við 3. mgr. 5. gr.,að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu <sup>(2)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95 er hverju aðildarríki skylt að gefa upp samræmda vísitölu neysluverðs (HICP), frá og með vísitölu janúarmánaðar 1997.
- 2) Samkvæmt 3. lið a-liðar 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96 frá 9. september 1996 um fyrstu ráðstafanir til framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 um samræmdar vísitölur neysluverðs <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1688/98 <sup>(4)</sup>, er það verð, sem notað er í samræmdri vísitölu neysluverðs, kaupverð vöru og þjónustu sem heimili greiða í peningaviðskiptum.
- 3) Talsvert svigrúm er til þess að beita mismunandi aðferðum með tilliti til þess hvenær kaupverð skal fært inn í samræmda vísitölu neysluverðs. Samræmd aðferðafræði vegna slíkrar tímasetningar er nauðsynleg til að tryggja sé að samræmdar vísitölur neysluverðs uppfylli skilyrði um samanburðarhæfi, sem kveðið er á um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95, einkum ef um er að ræða vöru sem kann að vera keypt, greidd eða afhent á öðrum tíma en þegar hún er notuð.
- 4) Reglurnar í þessari reglugerð eru í samræmi við skilgreiningarnar sem kveðið er á um í evrópska þjóðhags- og svæðisreikningakerfinu (ESA-'95), sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2223/96 frá 25. júní 1996 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í bandalaginu <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 448/98 <sup>(6)</sup>, að svo miklu leyti sem ESA-'95 samrýmist markmiðum samræmdrar vísitölu neysluverðs.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 300, 29.11.2000, bls. 14, var nefnd í ákvörðum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagananna nr. 44, 6.9.2001, bls. 29.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 257, 27.10.1995, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Álit var skilað 24. nóvember 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 229, 10.9.1996, bls. 3.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 214, 31.7.1998, bls. 23.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 310, 30.11.1996, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 58, 27.2.1998, bls. 1.

5) Nánar tiltekið segir í lið 3.89 í ESA-'95 að yfirleitt skuli skrá vöru og þjónustu þegar stofnað er til skulda, þ.e. þegar kaupandi tekur á sig ábyrgðarskuldbindingu gagnvart seljanda.

6) Samræmd vísitala neysluverðs á að endurspegla verðbreytingarnar á grunn- eða viðmiðunartímabilinu á grundvelli breyttra útgjalda þar sem neyslumynstur heimilanna og samsetning neysluhópsins er óbreytt.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE <sup>(7)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Markmið**

Markmiðið með þessari reglugerð er að samræma tímasetningu eða skráningu og færslu kaupverðs inn í samræmda vísitölu neysluverðs til að tryggja að samræmdar vísitölur neysluverðs séu áreiðanlegar og eigi við og uppfylli skilyrði um samanburðarhæfi sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2494/95.

*2. gr.***Tímasetning**

Verð, sem notað er í samræmdri vísitölu neysluverðs, er kaupverð vöru og þjónustu til einkanota sem heimili greiða í peningaviðskiptum. Verð vöru skal fært inn í samræmda vísitölu neysluverðs fyrir þann mánuð sem það er mælt. Verð fyrir þjónustu skal fært inn í samræmda vísitölu neysluverðs fyrir þann mánuð þegar fyrst er hægt að þiggja hana á því verði sem hún er mæld.

*3. gr.***Framkvæmd**

Aðildarríkin skulu beita ákvæðum þessarar reglugerðar í desember 2000 og þau öðlast gildi með vísitölu frá janúarmánuði 2001.

*4. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagananna*.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2000.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Pedro SOLBES MIRA

*framkvæmdastjóri.*

---